Kirkjuvellir 1

Landnr: 197735
Staðgreinir 1400-1-50650010, matshluti 01

BYGGINGARLÝSING

Notkun:
Kirkjuvellir 1 mun hýsa safnaðarheimili Ástjarnarkirkju. Í byggingunni verður uppskiptanlegur fjölnotasalur, fundaaðstaða, framreiðslueldhús og kaffihús. Auk þess verður skrifstofuaðstaða fyrir prest, aðstoðarprest, tónlistarstjóra ásamt vinnustöðvum í opnu vinnurými.

Starfsmannafjöldi í byggingunni er breytilegur. Gera má ráð fyrir að meðaltali verði 3-4 starfsmenn með fasta viðveru. Auk þess er gert ráð fyrir 9 vinnustöðvum sem nýttar eru tímabundið, ýmist af starfsmönnum eða af félagsstarfi safnaðarins . Við sáthafnir og aðra viðburði má gera ráð fyrir að um 150 manns verði í byggingunni. Gert er ráð fyrir læstum munaskápum fyrir starfsmenn.

Almenn lýsing:
Aðkoma sóknarbarna og starfsmanna er frá Kirkjuvöllum. Bílastæði eru staðsett norðan og vestan við safnaðarheimilið meðfram Kirkjuvöllum. Vörumóttaka er um norðurhlið hússins en sorpgeymsla við austurenda byggingarinnar.

Byggingin er á einni hæð, en með tæknirými loftræsingar í þakrými. Meðfram suðurhlið byggingarinnar rís fjölnotasalur upp úr þaki. Aðalinngangur er um forgarð á suðurhlið.

Helstu stærðir:
Byggingin er einn matshluti.

MHL 01	**m²**	**m³**
Fyrsta hæð	823,1	3831,8
Samtals	**823,1**	**3831,8**

Stærð lóðar, nýtingarhlutfall og bílastæðabókhald:
Stræð lóðar er 12651,8m² skv. mæliblaði.

Nýtingarhlutfall
Heild mannvirkis 0,065

Bílastæðabókhald	**Stæði**	**Þar af fyrir hreyfih.**
Bílastæði á lóð	100	3

Bílastæðakrafa skv. deiliskipulagi er lágmark 95 stæði við kirkjuna.

Burðarvirki:
Húsið er staðsteypt, veggir, bitar, súlur og botnplata. Milliplata í loftræsiklefa og allar þakplötur eru úr forsteyptum holplötum með járnbentu ásteypulagi. Einangrun er að utanverðu.

Frágangur þaka:
Þök byggingarinnar eru viðsnúin. Ofan á þakplötur koma tvö lög af ásoðnum asfaltpappa, blauteinangrun (XPS) að lágmarki 250mm, jarðvegsdúkur og farg. Þakfletir hafa tvennskonar farg, annarsvegar er neðri þakflötur lagður gróðurþekju og hinsvegar verður efri þakflötur með möl sem fargi. Afvötnun verður í hallandi þakplötu og regnvatn leitt út á við í regnvatnskerfi byggingarinnar.

Frágangur útveggja, efnis- og litaval:
Byggingin er að mestu einangruð að utan með 125mm einangrun og klædd viðhaldslítilli, formaðri málmklæðningu í dökkugráum lit. Klæðningin er á loftaðri burðargrind. Gert ráð fyrir að veggir á suðurhlið hússins upp að þakbrún neðra þaks hafi sjónsteypuyfirborð, þessir veggir verða einangraðir að innan og múrhúðaðir.
Veggfletir ofan við neðri þak sem umlykja loftræsiklefa og fjölnotasal verða steyptir og einangraðir að utan með 125mm einangrun og klæddir eins málmklæðningu og aðrir klæddir veggir.
Á norður hlið fjölnotasalar verður glerveggur úr glersúfluprófilum.

Gluggar og hurðir:
Gert er ráð fyrir verksmiðjuframleiddum ál-tré gluggum og ál-tré útihurðum samlitt álklæðningu að utan en með viðaráferð að innan. Gler í byggingunni verður tvöfallt einangrunargler með háu einangrunarstigi og sólarvörn, ýmist hert gler, samlímt eða flotgler eftir staðsetningu. Gerð glers í útveggjum verði í samræmi við byggingarreglugerð og útgefið leiðbeiningarblað Rb (nú Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands) (31).121.3 ,,Val glergerða fyrir húsnæði sem almenningur hefur aðgengi að".

Kólnunartölur:

Þak	≤ 0.20
Útveggur	≤ 0.40
Léttur útveggur	≤ 0.30
Gluggar	≤ 2.0
Hurðir	≤ 2.0
Gólf á fyllingu	≤ 0.3
Útveggir, vegið meðaltal	≤ 0.85

Reiknað U-gildi Byggingarhluta	***W/m²K***	***Þykkt***	***gerð***
Gólf	0,28	100mm	Plast
Veggir steyptir, klæddir að utan	0,39	125mm	Steinull
Veggir steyptir, ein. að innan	0,35	100mm	Plast
Þak, viðsnúið	0,20	250mm	XPS
Gluggar	1,70		
Hurðir	1,70		
Útveggir-vegið meðaltal (veggir, gluggar, hurðir)	0,78		
Heildarleiðnitap	1,1 W/m²		

Innveggir og innihurðir:
Steyptir innveggir verða ýmist sandspartslaðir og málaðir í ljósum lit eða með sjónsteypuáferð. Almennt eru léttir innveggir gifsveggir, málaðir í ljósum lit og að hluta flísalagðir flísum á salernum og í eldhúsi.

Veggur sem skilur skrifstofurými frá almennu svæði verður glerveggur. gerð glers í innveggjum verður í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar og útgefið leiðbeiningarblað Rb (nú Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands) (31).121.3 ,,Val glergerða fyrir húsnæði sem almenningur hefur aðgengi að".

Í fjölnotasal verða felliveggir til að skipta upp rýminu í smærri einingar.

Hurðir innandyra hafa að lágmarki hindrunarlausa umferðarbreidd 870mm og hindrunarlausa umferðarhæð 2070m.
Aðrar innihurðir verða ýmist úr tré, áli, gleri eða stáli.

Gólf:
Gólf eru úr járnbentri steinsteypu. Botnplata er staðsteypt og einangruð undir botnplötur, með *100mm* einangrun. Sökklar einangrast með *100* mm einangrun. Gólf á gangi, almenningssalernum og fjölnotasal verða vélslípað terrazzo. Á gólf búningsaðstöðu og eldhúss verður lagt epoxy kvarts gólfefni. Að öðru leyti verða gólf almennt lögð linoleumdúk. Gólf geymslu og inntaksrýmis eru máluð.

Loft:
Á göngum, veitingaaðstöðu, í opnu skrifstofurými og í fjölnotasal verður niðurtekið loft. Í öðrum rýmum er gert ráð fyrir að loftfletir verði ýmist klæddir efnum með hljóðísogseiginleika eða að máluð loft.

Hitalagnir:
Upphitun húss er með tvennum hætti. Fjölnotasalur og forrými hafa gólfhita sem grunnhitun, slíðan verður hitun/kæling með loftræsikerfi. Aðrir hlutar hússins eru hitaðir með venjulegu ofnakerfi.

Neysluvatnslagnir:
Innsteyptar stofnlagnir koma að dreifikistum, þaðan eru lagnir að tækjum.

Rafkerfi:
Lagnaleiðir verða í gólfplötu og létturn veggjum eftir því sem við á. Heimtaug verður 3x 200A.

Loftræsing:
Fjölnotasalur og forrými hituð/kæld með loftræsikerfi. Snyrtingar og eldhús verða með útsogskerfum. Önnur rými að stærstum hluta loftræst með opnanlegum glugum.

Hljóðvist:
Við nýbyggingu á safnaðarheimili Ástjarnarkirkju, Kirkjuvöllum 1 í Hafnarfirði munu kröfur til hljóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum ÍST45:2011, *Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis*, vera uppfylltar. Horft er til kafla 10 í staðlinum fyrir vinnurými safnaðarheimilisins (skrifstofur og fundarherbergi), en þar eru skilgreindar sérstaklega kröfur til skrifstofuhúsnæðis. Við hljóðvistarhönnun byggingarinnar verður að einhverju leiti horft til gæðaflokka A og B við val á lausnum, og þannig stuðlað að meiri hljóðvistargæðum en kveðið er á um í gæðaflokki C. Við hljóðhönnun salarins verður litið sérstaklega til viðeigandi markmiða fyrir tónlistarflutning en þá verður einnig gerð krafa um falskiling. Gert er ráð fyrir hljóðkerfi í salnum.
Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu milliveggja. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar. Kröfur um ómtíma eru uppfylltar með notkun hljóðísogandi loftflata og sérstakra ómdempandi veggpanella þarf sem þörf er á. Nánar er greint frá hljóðhönnun byggingarinnar í greinargerð hljóðvistarhönnuðar.

Brunavarnir
Brunahönnun er gerð af VSI öryggishönnun og ráðgjöf í mars 2015. Byggingin er safnaðarheimili / kirkja sem stendur á horni Ásbrautar og Kirkjuvalla í Hafnarfirði og er fyrsti áfangi Ásvallakirkju. Byggingin er steinsteypt, u.þ.b. 850 m2 að grunnfleti, á einni hæð fyrir utan tæknirýmni yfir aðalinngangi. Byggingin er hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar.

Flokkun og notkun byggingar
Starfsemi er kirkja / safnaðarheimili sem jafnframt má nýta sem fundarsali og er að mestu í notkunarflokki 2, en skrifstofur í notkunarflokki 1.

Brunahólfun
Byggingin verður eitt meginbrunahólf sem skiptist í 6 brunahólf.
Brunahólf verða almennt EI 60 með EI2 30-CSm / EI2 30-Sm hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum verður almennt a.m.k. E30.
Salur, anddyri /kaffihús, snyrtingar og gangur mynda á þessu stigi eitt brunahólf, ~320 m2. Skrifstofurými og starfsmannaaðstaða verður eitt brunahólf ~180 m2. Framreiðslueldhús og fundarherbergi verða eitt brunahólf ~65 m2. Geymsla og inntaksrými verða brunahólf ~65 m2. Sorpgeymsla verður brunahólf ~8 m2, gengt í hana utan frá. Loftræsiklefi í þaki verður sér brunahólf. Á síðari stigum verður settur veggur milli skála/kaffistofu og salar (þá anddyris og safnaðarheimilis) og því er gerð krafa um brunahólfunareiginleika á langvegg og hurðir að sal. Salnum má skipta í fjögur minni rými og/eða aðskilja frá skála með felliveggjum, þeir verða án skilgreindrar brunamótstöðu en með yfirborðsefni í A flokki.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R60. Í endanlegri stærð verður kirkjan ~ 800 m2, og skv. núgildandi byggingarreglugerð verður áhætta áfram skilgreind sem „meðal" skv. grein 9.9.3 og kröfur til burðarvirkis því áfram R60.

Klæðningar
Klæðningar skulu vera skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G, þ.e. Dfl-s1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Utanhúsklæðningar verða í flokki 1 og þakefni í flokki T, eða B(roof.). (t2).

Flóttaleiðir
Áætlaður hámarksfjöldi í sal er mest 200 manns en flóttahurðir anna miklu stærri fjölda. Salnum má skipta með felliveggjum í fjóra minni sali.
Frá hverjum fundarsal verða flóttaleiðir í gagnstæðar áttir.
Þar sem um er að ræða fjölnotasal verða sæti ekki föst við gólf. Sætin skulu fest saman fjögur og fjögur til þess að ekki skapist miklar hindranir við rýmingu fólks.
Fjöldi á skrifstofu gæti verið allt að 15 manns, en gert ráð fyrir minni starfsmannafjölda.
Hvergi verður lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.
Hurðir í aðal- og bakinngangi skulu búnar neyðaropnunarbúnaði skv. ÍST EN 1125 (panik slám). Flóttahurðir á gluggavegg skulu skulu búnar neyðarhandföngum skv. ÍST EN 179.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt vistafangakerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri skála.
Jaðarbúnaður getur verið hurðaseglar, bruna- og reykljúgur og blásarar loftræsikerfa. Allur búnaður skal uppfylla viðkomandi EN staðla og skal viðvörun frá honum, uppsetning, allur rekstur og viðhald vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

Loftræsing, reyklosun
Loftræsikerfi skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 13501-03 og vera hönnuð skv. DS 428. Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Bruna- og reyklokur (a.m.k. EI 60-S) verða í brunahólfunarskilum. Bruna- og reyklokur skulu tengjast að prófunarstöð fyrir lokur, sem er með hljóðmerki og ljós. Prófunarstöð tengist brunaviðvörunarkerfi hússins. Við brunaboð, bilun í blásara eða lokum fær prófunarstöð merki og lokar lokum.
Gert er ráð fyrir að loftræsikerfi þjóni nokkrum brunahólfum auk salar.
Reyklosun verður almennt um glugga og hurðir.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli skv. ÍST EN 671 verður sett upp í skála þannig að brunaslangan nái út í öll *horn*.
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngu en skulu auk þess vera við flóttaleiðir, í eldhúsum og tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í skála og sal og einnig í salerni fyrir fatlaða.
Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í tæknirýmum.
Lýsing þarf að vera utanhúss við útdyr flóttaleiða.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma er greið umhverfis bygginguna og er aðkoma slökkviliðs skilgreind við vesturenda byggingarinnar.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, brunavarnabúnaði loftræsikerfa, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Ástjarnarkirkju.

Aðgengi og algild hönnun;
Aðkoma er um aðalinngang í inngarði á suðurhlið. Ekki er gert ráð fyrir að rampur og inngangur á norðurhlið taki mið af algildri hönnun. Allar hurðir í umferðarleiðum innandyra verða án þröskulda. Eitt salerni af almenningssalernum uppfyllir kröfur um algilda hönnun sem og eitt salerni í búningsklefa starfsmanna. Þröskuldar útidyrahurða í flóttaleiðum verða ekki hærri en 25mm.

Frágangur lóðar:
Við aðkomu hlið er fyrirhugað torg sem teygir sig inn í inngarð við aðalinngang. Göngustígur verður við norður og vesturhlið byggingarinnar líkt og kvöð segir til um. Að öðru leiti verður leitast við að halda raski á núverandi hraunþekju innan byggingarreits í lágmarki. Utan við byggingarreit er kvöð um ósnortið land skv. skilmálum, sjá ma. kafla 4.7 og 4.8.

Meðferð úrgangs
Sorpgeymsla og flokkun sorps er í óupphituðu lokuðu rými í austurenda byggingarinnar. Gólf er steypt með halla að niðurfalli og spútslanga til hreinsunar á ílátum. Gert er ráð fyrir sex sorpílátum að stærð 1075x580x725. Sorp er flokkað í þartilgerð ílát.

Sértækar aðgerðir
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir.

Skýringar tákna

1 Texti 1:100	Teikning Skýring Mælikvarði
1 (99)1.00	Táknar snið Númer á teikningu Númer á blaði
1 (99)1.00	Táknar ásýnd utanhúss Númer á teikningu Númer á blaði
Samb.	Táknar að snið, deili eða ásýnd á viðkomandi stað er sambærilegt við teikningu sem vísað er í.
N	Norðurpólla
K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
XX	Táknar halla í gráðum eða sem hlutfall
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
1	Táknar tilvísun í skýringartexta
0101	Táknar skráningarnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í minútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í minútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
BO	Táknar björgunarop
ÚT	Táknar flóttaleið
!	Táknar stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
25m	Táknar brunaslöngu Lengd slöngu í metrum
HL	Handfrjáls handlaug
MV	Matvælavaskur
RV	Ræstivaskur
SV	Skolvaskur og tækjavaskur
UÞV	Upþþvottavél

Samþykkt þann 15 APR 2015
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

útg.	dags.	skýring	teiknað
Skýringamynd			

Safnaðarheimili Ástjarnarkirkju

Heimilisfang: KIRKJUVELLIR 1
Sveitarfélag: HAFNARFJÖRÐUR
Verkhluti: AÐALUPPDRÆTTIR
Skýringartexti: ALMENNAR SKÝRINGAR

hannað / teiknað: bg, jbs
yfirfarið / samþykkt: ojb / bg
mælikvarði:
staðgreinir: 1400-1-50650010
landnúmer: 197735

Arkitekt:
- Aðalsteinn Snorrason — arkitekt faí — kt.161161-2769
- Arnar Þór Jónsson — arkitekt faí — kt.010174-4819
- Birgir Teitsson — arkitekt faí — kt.020450-4589
- Björn Guðbrandsson — arkitekt faí — kt.170174-3059
- Egill Guðmundsson — arkitekt faí — kt.270152-6569
- Þorvarður L. Björgvinsson — byggingafræðingur bfí — kt.250572-3529

Hönnunarstjóri: Jónnaður aðalskýringuppdrátta:
Hönnunarstjóri:

Arkís arkitektar, Höfðabakki 9, 110 Reykjavík, kt 531107-0550
sími 511 2060, fax 511 2066, www.arkis.is, netfang arkis@arkis.is

dagsetning: 30.03.2015
verknr.: 14-050

ARKÍS arkitektar
(99)1.00
teikning — breyting

Yfirfarið af brunahönnuði
VSI

ÞRÍVÍDDARLÍKAN, ALÁVÍSIT Á TÖFLUNGUM, AÐ ÁSKILJAN AF HVE SNJÓKUMMAÐ